

En nú er það svo, að annar af málsaðilum, áfrýjandi, er eigi eigandi eða umráðamaður neinnar jarðar, er til greina getur komið í sambandi við þetta mál, og verður því að líta svo á, að merkjadómur sé eigi bær um að fara með það.

Það verður því eigi hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá merkjadóminum.

Eftir þessum úrslitum þykir áfrýjandi eiga að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og visast málinu frá merkjadóminum. Áfrýjandi, Eggert Claessen, fyrir hönd British North Western Syndicate Ltd. greiði stefnda, Birni Bjarnarsyni 20 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 15. maí 1916.

Nr. 56/1915.

Snorri Jónsson

gegn

G. Gíslason & Hay Ltd.

D ó m u r: Svo bær þessu máli

Mál þetta höfðaði áfrýjandi, Snorri Jónsson kaupmaður á Akureyri, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnda, firmanu G. Gíslason & Hay Ltd., til greiðslu á 1970 kr. 49 aur. viðskiftaskuld ásamt 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1913 til borgunardags og málskostnaði. — Stefndi höfðaði þá gagnsök á hendur áfrýjanda og krafðist þess að verða sýknaður af kröfum hans og dæmdur til að greiða sér 598 kr. 46 aur. ásamt 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og málskostnaði. Lauk málum þessum svo fyrir bæjarþinginu 29. júlí f. á. að stefndi G. Gíslason & Hay Ltd. var dæmdur til að greiða áfrýjanda 597 37 aur. með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1913 til borgunardags, en að öðru leyti voru málsaðilar sýknaðir af hvors annars kröfum, en málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 27. ág. f. á. og krafist þess að hinum áfrýjanda dómi verði hrundið og breytt þannig, að allar kröfur hans fyrir bæjarþinginu verði teknar til greina og að hann verði algjörlega sýknaður af kröfum stefnda. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum réttum, eftir mati yfirdómsins.

Stefndi hefir gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 23. nóv. f. á. og krafist þess að dóminum verði breytt þannig, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 598 kr. 46 aur. ásamt 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Svo krefst hann og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi, eftir mati réttarins.

Eftir skýrslu aðaláfrýjanda eru málavextir í aðalmálinu þessir: Haustið 1912 seldi hann stefnda ýmsar íslenzkar vörur fyrir samtals kr. 12317.52, en upp í þetta hefir hann aðeins fengið greiddar kr. 10347.03. Um vörur þessar og andvirði þeirra er eigi ágreiningur um aðrar tegundir en þessar:

I. Labradorfisk, sem nam $42^{90}/_{320}$ skpd., telur áfrýjandi seldan fyrir 55 kr. skippundið eða fyrir kr. 2325.46, en stefndi telur fisk þennan seldan fyrir 51 kr. hvert skippund eða fyrir kr. 2156.34. Á fiskverðinu er þannig ágreiningur milli aðila um kr. 169.12.

II. Dilkakjöt, 60 tunnur, telur áfrýjandi selt fyrir 3375 kr. en stefndi fyrir 3336 kr. 21 aur. Er þannig ágreiningur um kr. 38.79.

III. Keilu, $32^{260}/_{320}$ skippund, telur áfrýjandi selda fyrir 43 kr. hvert skippund, alls á 1410 kr. 94 aur. Stefndi telur hana selda fyrir 1313 kr. 40 a. Ágreiningur er því um 97 kr. 90 aur.

IV. Fiskumbúðir. Um hinn selda fisk voru umbúðir, sem stefndi átti að skila aftur eða borga með 204 kr. Ágreiningur er um það milli málsaðila hvort umbúðum þessum hefir verið skilað aftur eða ekki. Stefndi heldur því fram að þeim hafi verið skilað, en áfrýjandi neitar því.

Þessi ágreiningsatriði koma þá fyrst til athugunar:

I. Um Labradorfiskinn. Með samningi dags. 11. sept. 1912 seldi áfrýjandi stefnda 50—125 skpd. af Labradorfiski, án þess að verð sé tiltekið. Heldur áfrýjandi því fram, að munnlega hafi verið svo um

samið að verðið skyldi vera hæsta verð, sem borgað yrði þá um haustið á Akureyri, fyrir slíkan fisk, en það hafi verið 55 kr. fyrir skpd. Stefndi heldur því hinsvegar fram að verðið hafi verið umsamið 51 kr. Þessi skýrsla stefnda styðst við símskeyti, sem farið hafa milli skrifstofu hans hér og í Leith, og við skeyti, er skrifstofan hér sendi umboðsmanni firmans á Akureyri, en sérstaklega við það, að í bréfi til áfrýjanda, dags. 16. sept. 1912 telur stefndi verðið á Labradorfiskinum 51 kr. skpd., og í svari sínu upp á þetta bréf hreyfir áfrýjandi engum mótmælum gegn þessu verði. Verður því, svo sem undirdómarinn hefir gert, að lita svo á, að áfrýjandi hafi samþ. það. Ber því að draga 169.12 frá kröfu áfrýjanda.

II. Dilkakjötið. Í símskeyti 18. sept. 1912 býður áfrýjandi stefnda 60 tonnur af dilkakjöti til sölu í Kaupmannahöfn fyrir 60 kr. tonnuna, þó þannig, að kostnaður fari eigi yfir kr. 3.75, krefst hann því að fá fyrir hverja tunnu kr. 56.25. Þessu skeyti svaraði stefndi með símskeyti samdægurs á þann veg, að hann hefði selt fyrir áfrýjanda 60 tonnur gegn $2\frac{1}{2}\%$ ómakslaunum og óumflýjanlegum kostnaði, og var óskað staðfestingar á sölnunni. Það sést ekki á skjölum málsins að áfrýjandi hafi mótmælt þessum skilyrðum fyrir sölnunni, og þar sem hann síðar sendi stefnda umrætt kjöt án frekari samninga, verður að lita svo á, að hann hafi samþykkt skilyrði þau, er stefndi setti í skeyti sínu. Þar sem stefndi í skilagrein sinni fyrir kjötsölnunni virðist eigi hafa farið út fyrir þessi skilyrði, ber að draga kr. 38.79 frá kröfu áfrýjanda.

III. Keilan. Aðilar eru sammála um það, að keilan hafi átt að kosta 43 kr. skpd. eða, alls kr. 1410.94, eins og áfrýjandi gerir kröfu til, en stefndi hefir dregið frá þessari upphæð kr. 97.90 fyrir þá sök, að keilan hafi verið of smá, en með því það er eigi sannað gegn mótmælum áfrýjanda að keilan hafi verið svo smá, að hún hafi ekki getað talist góð verzlunarvara, verður þessi frádráttarkrafa stefnda eigi tekin til greina.

IV. Fiskumbúðirnar. Það verður að telja það viðurkent að fiskur sá, er umbúðirnar voru um, hafi eigi komið til Leith fyr en í desember, og að umbúðirnar hafi verið sendar til Akureyrar rétt eftir áramótin. Svo verður og að telja það sannað, að áfrýjandi hafi fengið vitneskju um það snemma á árinu 1913 að umbúðirnar væru komnar til Akureyrar, og að hann hafi getað fengið þær afhentar. Verður því ekki álitid að áfrýjandi hafi haft rétt til að neita að taka á móti fiskiumbúðum þessum, svo sem hann hefir gert í bréfi sínu 8. apríl 1913, og verður því þessi kröfuliður í reikningi áfrýjanda að falla burtu.

Þá hefir stefndi krafist þess, að frá kröfu áfrýjanda verði dregnir vextir af skuld hans við stefnda árið 1911 £ 8—10—2 eða kr. 156.52. Þessi krafa var eigi tekin til greina í undirrétti með því henni var mótmælt og eigi var gerð grein fyrir henni öðruvísi en á ensku. Hér fyrir réttinum hefir verið lögð fram þýðing á islenzku af viðskiftareikningi málsaðila 1911. Þar sem hér er um kaupmannaviðskifti að ræða verður að álita að stefndi hafi haft rétt til að

reikna sér vexti af inneign sinni hjá áfrýjanda og með því að áfrýjandi hefir eigi sýnt fram á að vaxtaútreikningur stefnda sé rangur, ber að draga umrædda vaxtakröfu frá kröfu áfrýjanda í aðalmálinu.

Samkvæmt framansögðu ber að draga frá kröfu áfrýjanda kr. 169.12+38,79+204.00+156.52 = kr. 568.43 og er þá krafa hans í aðalmálinu, sem tekin verður til greina kr. 1970.49 ÷ 568.43 = kr. 1402.06.

Í gagnsökinni krefst stefndi skaðabóta hjá áfrýjanda fyrir það, að hann hafi sumpart riftað samningi um sölu á fiski, sumpart látið af hendi minna en selt var og seinna en vera átti.

Sumarið 1912 kom það til tals að áfrýjandi seldi stefnda 200 skpd. af stórfiski og 50 skpd. af keilu. Stefndi vildi eigi kaupa stórfiskinn óséðann, og óskaði eftir sýnishorni af honum. Þetta sýnishorn sendi áfrýjandi til skrifstofu stefnda í Leith, og eftir að það var komið fram, sendi stefndi áfrýjanda hinn 7. október 1912 svohljóðandi símskeyti: »Samkvæmt tilboði í dag staðfestum við að hafa selt fyrir yður 200 skpd. stórfisk eftir sendu sýnishorni á 61 kr., 50 skpd. keilu á 43 kr. Hvorttveggja pr. skpd. innpakkað f. o. b. afhendist í okt., umbúðir endursendist. Staðfestið«. Í skeyti áfrýjanda daginn eftir 8. okt. segir svo: »Samkvæmt símtali viðurkenni eg að selja yður 200 skpd. stórfisk sekunda 61 kr. skipundið, keilu 40/50 skippund 43 krónur f. o. b. umbúðir skilist. Borgun hér strax eftir afskipun«. — Verður að líta svo á, að með þessu hafi komist á samningur um söluna. Áfrýjandi heldur því að vísu fram, að svo hafi þó ekki verið, með því að sim-

skeytin séu ekki samræmileg, þar sem hið síðara símskeyti vísi ekki til símskeytis heldur til símtals, og í síðara símskeytinu sé gert að skilyrði að borgun fari fram á útskipunarstað, en þetta hafi ekki verið samþykkt af stefnda. Þessar mótbáurur áfrýjanda virðst þó eigi verða teknar til greina, meðal annars af þeirri ástæðu, að í símskeytum þessum, sem samið er um sölu á stórfiskinum, er einnig samið um sölu á keilunni, og sá samningur hefir verið látinn gilda, enda er ekkert ósamræmi á milli skeytanna, að því er snertir greiðslu á fiskinum, þar sem ekkert er talað um borgunartíma eða stað í símskeyti stefnda, og hann með því virðist hafa falið áfrýjanda að ákveða það.

Samninginn um stórfiskinn uppfyllti áfrýjandi ekki, heldur lét stefnda vita með símskeyti 10. okt. að »tilboð« sitt stæði eigi lengur frá sinni hlið. — Krefst stefndi bóta fyrir þessi samningsrof. — Þá krefst stefndi bóta fyrir það, að samningur um sölu á 40/50 skippundum af keilu, sem hafi átt að sendast í október, hafi ekki verið haldinn; keilan hafi komið of seint, verið minni en vera átti og verri vara. Það verður nú að telja það sannað að samningur hafi komist á milli aðila um sölu á að minsta kosti 40 skippundum af keilu með áðurnefndum símskeytum aðila 7. og 8. okt. 1912, en af fiskitegund þessari skilaði áfrýjandi tæpum 33 skpd. — Loks gerir stefndi kröfu til skaðabóta fyrir það, að Labradorfiskurinn hafi komið of seint og verið minni en um var samið, en vantsent var af þessari fiskitegund 7²⁸⁰/₈₂₀ skpd.

Fyrir ofangreindar vanefndir hefir stefndi gert kröfu til skaðabóta, að upphæð alls stpd. 103—10—7, og hefir hann sundurliðað skaðabótaupphæð þessa þannig:

1. Fyrir riftingu á samningum um stórfiskinn, pd.sterl. 86—0—0.

2. Fyrir vansendingu á keilunni m. m. 13—11—1.

3. Sömmuleiðis út af Labradorfiskinum 3—19—6.

Hvað skaðbæturnar snertir fyrir riftingu samningsins um stórfiskinn skýrir stefndi frá því, að hann í trausti til samningsins við áfrýjanda hafi verið búinn að selja nokkuð af fiskinum, en með því að hann sökum vanefnda áfrýjanda hafi ekki getað staðið í skilum við viðskiftamenn sína, hafi hann neyðst til að ganga að því að greiða þeim sterl.pd. 41—0—0 í skaðabætur, og hefir hann lagt fram í málinu kvittun frá 2 mönnum þessu til sönnunar. Þessa upphæð virðist þó ekki heimild til að dæma áfrýjanda til að greiða, með því að sölusamningar þeir um fiskinn, er stefndi varð að greiða bætur fyrir, eru gerðir 17. og 23. okt., eða eftir að áfrýjandi með símskeytinu 10. október hafði tjáð stefnda að hann teldi sig eigi bundinn við að selja honum stórfiskinn.

Af skaðabótakröfunni út af samningnum um keiluna virðast sterl.pd. 12—0—0 vera fyrir of seina sendingu á henni, en þar sem enginn afhendingartími er nefndur í símskeyti áfrýjanda 8. okt. 1912, getur það ekki talist sannað að áfrýjandi hafi skuldbundið sig til að senda keiluna fyr en gert var, og verður því þessi upphæð ekki tekin til greina.

Á hinn bóginn hefir stefndi fært miklar likur fyrir því að hann hafi beðið tjón við sammingsrof áfrýjanda, og að þetta tjón hafi verið alt að 1—10 10 sterl.pd. fyrir hvert tonn af stórfiski, og með til-liti til þess ennfremur að það virðist koma fram í málfærslu málsaðila að fiskverð hafi farið heldur hækkandi haustið 1912, virðist tjón það, er stefndi hefir beðið við vanefndir áfrýjanda, hæfilega metið í hinum áfrýjaða dómi 900 kr. Það ber því að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 900 kr. skaða-bætur, og dregst þessi upphæð frá kröfu áfrýjanda í aðalmálinu, og ber stefnda því að greiða áfrýjanda kr. $1402.06 \div 900.00 =$ kr. 502.06 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1913, en að öðru leyti séu aðilar sýknir af hvors annars kröfum, bæði í aðalsök og gagnsök.

Eftir atvikum virðist rétt að málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi G. Gíslason & Hay Ltd. greiði áfrýj-
anda Snorra Jónssyni 502 kr. 6 aur. með 6%
árvöxtum frá 1. jan. 1913 til borgunardags. Að
öðru leyti séu málsaðilar sýknir af hvors ann-
ars kröfum.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi
falli niður.

Dómi þessum skal fullnægja innan 8 vikna
frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.